


AFKOMA ANNARS ÁRSFJÓRÐUNGS 2014


HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Afkoma bankans eftir skatta var jákvæð um 6,4 ma. kr. á 2F14 (2F13: 6,6 ma. kr.) og 14,7 ma. kr. á 1H2014 (1H2013: 11,2 ma. kr.)
- Arðsemi eigin fjár eftir skatta var 14,5% í 2F14 (2F2013: 17,4%) og 16,9% á fyrri hluta ársins (1H2013: 14,8%), þrátt fyrir að eigið fé bankans hækkaði um 14% á milli ára úr 156 ma. kr. í 178 ma. kr.
- Eiginfjárlutfall var áfram sterkt eða 29,3% (mars14: 30,3%) og eiginfjárlutfall A (Tier 1) var 26,1% (mars2014: 27,0%). Lækkunin sem skýrist að hluta af 2% hækkun áhættugrunns (RWA) í 674 ma. kr. (1F2014: 664 ma.kr.).
- Hreinar vaxtatekjur voru 6,9 ma. kr á 2F2014 (2F2013: 7,0 ma. kr.) og 13,6 ma.kr. á 1H2014 (1H2014: 14,5 ma.kr.) Vaxtamunur var 3,1% á 2F2014 (2F2013: 3,4%) sem er í takt við langtíma áætlanir bankans .
- Hreinar þóknatekjur voru 2,8ma. kr. á 2F2014 (2F2013: 2,7 ma. kr.) sem er hækkun um 5,5% á milli ára og 5,7 ma.kr. á 1H2014 (1H13: 5,1 ma.kr.) Aukninguna má að mestu rekja til viðskiptabankasviðs, markaða, eignastýringar og dótturfélaga.
- Kostnaðarhlutfall bankans var 56,0% (2F2013: 58,8%); lækkunina má rekja til til fækkunar starfsmanna og áframhaldandi kostnaðaraðhalds.
- Frá stofnun bankans hafa um 36.000 einstaklingar og um 4.200 fyrirtæki fengið afskriftir, eftirgjafir eða leiðréttingar á skuldum sem nema 561 ma. kr.
- Öllum stórum málum sem lúta að fjárhagslegri endurskipulagningu hefur nú verið lokið. LPA hlutfallið var 7,3% (mars14: 7,8%) og þau smærri mál sem eftir standa munu hvert fyrir sig hafa lítil áhrif á hlutfallið. Hlutfall vanskila umfram 90 daga var 3,5% (mars14: 3,8%).
- Heildareignir voru 908 ma. kr. (mars14: 884 ma. kr.), sem er 3% aukning frá lokum fyrsta ársfjórðungs. Lán til viðskiptavina námu 604 ma. kr. (mars 2014: 566 ma. kr.), sem er 7% hækkun á milli fjórðunga.
- Heildarinnlán jukust í 543 ma. kr. úr 530 ma. kr. í lok mars 2013, sem má rekja til eðlilegra sveiflna í innlánunum frá viðskiptavinum og fjármálastofnunum.

HAGNAÐUR EFTIR SKATTA m.kr.



ARÐSEMI EIGIN FJÁR %



Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka:

„Afkoma annars ársfjórðungs var mjög góð og skilaði bankinn arðsemi eigin fjár upp á 14,5%. Síðustu tvo fjórðunga höfum við séð góðan vöxt í útlánunum og hafa þau aukist um 9% frá áramótum. Við sjáum einnig góðan vöxt í þóknatekjum og dreifist vöxturinn vel á milli tekj sviða bankans.

Kostnaðarhagræðing gengur vel og lækkar stjórnunarkostnaður um 13,4% á milli ára. Við höldum áfram að auka sjálfvirkni og að hagræða í útibúaneti bankans. Afgreiðslunni í Kringlunni var breytt í sjálfafgreiðslu og við stefnum að því að sameina útibú bankans í Lækjargötu og Eiðistorgi í eitt útibú í vesturbæ Reykjavíkur í byrjun næsta árs. Við sjáum mikinn vöxt í notkun á Appinu og viðskiptavinir hafa tekið nýjungunum vel en nú geta þeir m.a. greitt reikninga, millifært og haft gott yfirlit yfir fjármálin.

Íslandsbanki gaf út skuldabréf í evrum í fyrsta sinn á ársfjórðungnum að upphæð 100 milljónir evra og markaði útgáfan tímamót fyrir bankann og íslenska fjármálakerfið. Útgáfan fylgdi í kjölfar góðs lánshæfismats, en í apríl fékk bankinn einkunnina BB+/B með stöðugum horfum frá S&P, sem er einu þrepi frá íslenska ríkinu.

Traust staða Íslandsbanka á íslenskum fjármálamarkaði hefur vakið athygli erlendis og valdi alþjóðlega fjármálatímaritið Euromoney Íslandsbanka besta bankann á Íslandi annað árið í röð. Íslandsbanki var einnig valinn besti fjárfestingabankinn á Íslandi en þetta er í fyrsta sinn sem verðlaun voru veitt í þeim flokki hér á landi.“

Nánari upplýsingar veita:

- Fjárfestatengill – Tinna Molphy, tinna.molphy@islandsbanki.is og í síma: 440 3187.
- Upplýsingafulltrúi - Dögg Hjaltalín, dogg.hjaltalin@islandsbanki.is og í síma 440 3925.

HELSTU TÖLUR	30.06.14	31.03.14
Efnahagsreikningur		ma. kr.
Heildareignir	908	884
Heildarútlán	649	614
Heildarinnlán	543	530
Eigið fé	178	175
Innlánahlutfall	84%	86%
Eiginfjárlutfall A (T1)	26,1%	27,0%
Eiginfjárlutfall	29,3%	30,3%



HELSTU TÖLUR	2F14	2F13
Rekstrarreikningur		ma. kr.
Arðsemi eigin fjár	14,5%	17,4%
Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi	6,6%	9,0%
Hagnaður eftir skatta	6,4	6,6
Hagnaður af reglulegri starfsemi	2,9	3,5
Kostnaðarhlutfall	56,0%	58,8%
Vaxtamunur	3,1%	3,4%

REKSTRARREIKNINGUR

m.kr.	2F14	2F13	1H14	1H13	2013	2012
Hreinar vaxtatekjur	6.922	7.045	13.568	14.518	28.430	32.940
Hreinar þóknatekjur	2.818	2.670	5.672	5.122	10.433	9.459
Hreinn gengishagnaður (tap)	(12)	(152)	(303)	(1.715)	(2.423)	2.737
Hreinar fjármunatekjur	19	669	882	1.550	4.612	1.517
Aðrar rekstrartekjur	267	716	1.380	1.131	1.545	996
Rekstrartekjur samtals	10.014	10.948	21.199	20.606	42.597	47.649
Laun og launatengd gjöld	(3.441)	(3.551)	(6.881)	(7.020)	(13.361)	(13.080)
Annar rekstrarkostnaður	(1.909)	(2.628)	(4.378)	(5.395)	(12.190)	(11.509)
Stjórnunarkostnaður	(5.351)	(6.179)	(11.259)	(12.415)	(25.551)	(24.589)
Virðisrymun viðskiptavildar	0	0	0	0	0	(425)
Iðgjald í Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta	(260)	(256)	(518)	(502)	(1.016)	(1.055)
Bankaskattur	(623)	(65)	(1.215)	(132)	(2.321)	(858)
Rekstrarkostnaður samtals	(6.233)	(6.500)	(12.992)	(13.049)	(28.888)	(26.927)
Hagnaður fyrir virðisbreytingu útlána og krafna	3.781	4.448	8.207	7.557	13.709	20.722
Virðisbreyting útlána og krafna	4.219	4.857	5.739	7.850	16.299	5.710
Hagnaður fyrir skatta	8.000	9.305	13.946	15.407	30.008	26.432
Tekjuskattur	(2.156)	(2.347)	(3.550)	(3.795)	(7.866)	(6.253)
Hagnaður tímabilsins af áframhaldandi starfsemi	5.844	6.958	10.396	11.612	22.142	20.179
Hagnaður (tap) af aflagðri starfsemi	515	(335)	4.259	(404)	927	3.239
Hagnaður tímabilsins	6.359	6.623	14.655	11.208	23.069	23.418

TEKJUR

- Heildar rekstrartekjur námu 10,0 ma. kr. á 2F2014, samanborið við 10,9ma. kr. á 2F2013 og 21,2 ma. kr. á 1H2014, samanborið við 20,6 ma. kr. á sama tíma 2013.
- 97% af rekstrartekjum bankans eru í formi vaxta- og þóknatekna, sem er í samræmi við áherslu bankans á grunntekjur og það markmið að að skapa stöðugt sjóðstreymi til langs tíma.
- Hreinar vaxtatekjur námu 6,9 ma. kr. á öðrum fjórðungi (2F2013: 7,0ma. kr.) og 13,6 ma. kr. á fyrri helmingi ársins (1H2013: 14,5 ma. kr.).
- Vaxtamunur, reiknaður sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna, var 3,1% (2F2013: 3,4%). Vaxtamunur hefur náð jafnvægi eftir að hafa verið hlutfallslega hár af ýmsum ástæðum.
- Verðtryggingarójöfnuður var 26,8 ma. kr. í lok júní (mars14.5 ma. kr.). Honum hefur verið stýrt með skiptasamningum, útgáfu verðtryggðra sértryggðra skuldabréfa og bundnum verðtryggðum innlánnum.
- Hreinar þóknatekjur námu 2,8 ma. kr. (2F2013: 2,7ma. kr.) sem er hækkun um 5,5% á milli ára og 5,7 ma. kr. á fyrri árhelmingi (1H2013: 5,1 ma. kr.). Hækkunina má að mestu rekja til viðskiptabankasviðs, markaðsviðskipta, eignastýringar og dótturfélaga bankans.
- Hreint gengistap á fyrri árhelmingi nam 303 m.kr., samanborið við 1,7 ma. kr. tap yfir sama tíma 2013. Gjaldryisjófnuði bankans er stýrt innan vel skilgreindra marka. Fjárhæð erlendra eigna var 21,7 ma. kr. umfram skuldir í lok tímabilsins (mars14: 24,3 ma. kr.), eða um 12% af eigin fé.
- Hreinar fjármunatekjur, sem að stærstum hluta eru vegna gangvirðisbreytinga á hlutabréfum námu 19 m.kr. á fjórðungnum (2F2013: 669 m.kr.) og 882 m.kr. á árhelmingnum (1H2013: 1.550 m.kr.).
- Aðrar rekstrartekjur, sem samanstanda að megninu til af leigutekjum, tekjum vegna þjónustusamninga og aflagðrar starfsemi, námu 267 m.kr., samanborið við 716 m.kr. á 2F2013.

HREINAR VAXTATEKJUR
m.kr.HREINAR ÞÓKNATEKJUR
m.kr.

REKSTRARREIKNINGUR – frh.

KOSTNAÐUR

- *Rekstrarkostnaður samtals* var 6,2 ma. kr. á 2F2014 (2F2013: 6,5 ma. kr.) og 12,9 ma. kr. 1H2014 (1H2013: 13,0 ma. kr.)
- Kostnaðarhlutfall í lok tímabilsins var 56,0% (2F2013: 58,8%), sem er í takt við langtímamarkmið um 55% kostnaðarhlutfall. Kostnaðarhlutfallið undanskilur bankaskatt og einkiptiskostnað.
- *Stjórnunarkostnaður* lækkaði um 13,4% í 5,4 ma.kr. (2F2013: 6,2 ma. kr.) eða um 15,8% m.t.t. verðbólgu. Þetta er takt við áherslur bankans að lækka kostnað og árangur í lykilverkefnum bankans er snúa að skilvirkum rekstri og hagræðingu.
- *Laun og launatengd gjöld* námu 3,4 ma. kr., sem er lækkun um 3,1% á milli ára. Lækkunina má að nokkru rekja til lækkunar fjársýsluskatts á laun sem er hluti af þessum lið, en skatturinn sem nam 6,75% 2013 er nú 5,5%.
- Meðalfjöldi stöðugilda samstæðunnar var 1.164 á öðrum ársfjórðungi sem er 7% fækkun frá sama tímabili 2013. Heildarlaun eru reiknuð út frá starfsmannafjölda samstæðunnar.
- Meðalfjöldi stöðugilda móðurfélagsins var 1,014 á fyrsta ársfjórðungi sem er 6,6% fækkun frá sama tímabili 2013.
- *Annar rekstrarkostnaður* lækkaði um 27,4% á milli ára, í 1,9 ma. kr. á öðrum ársfjórðungi 2014 úr 2,6 ma. kr. á sama tímabili 2013. Lækkunina má rekja til bakfærslu á hluta einkiptiskostnaðar sem bókaður var í lok árs 2013.
- *Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda* var 260 m.kr. á fjórðungi (2F2013: 256 m.kr.). Framlagið sveiflast með heildar innstæðum og lægri áhættuvigt vegna hækkunar á eigin fé bankans og lægra hlutfalls eigna í endurskipulagningu (LPA).
- *Virðisbreyting útlána og krafna* nam 4,2 ma.kr. á 1F2014 (2F2013: 4,9 ma.kr.) og 5,7 ma.kr. á 1H2014 (1H2013: 7,9 ma.kr.). Þetta má rekja til endurmats lánasafnsins á öðrum ársfjórðungi.


SKATTAR OG GJÖLD

- Skattheimta á fjármálafyrirtæki hefur aukist töluvert á undanförunum árum, m.a. með hinum tímabundna bankaskatti og álagningu sérstaks 6% fjársýsluskatts á hagnað fjármálafyrirtækja umfram 1 ma. kr.
- *Tekjuskattur* var 2,2 ma. kr. á fjórðungi samanborið við 2,3 ma.kr. á 2F13.
- *Bankaskattur* var 623 m.kr. á fjórðungi (2F2013: 65 m.kr.) og 1,2 ma.kr. á 1H2014 (1H2013: 132 m.kr.). Nýjar reglugerðir hafa aukið skattprósenta um 0,041% af heildarskuldum síðasta árs, í 0,376% af skuldum umfram 50 ma. kr.
- Fjársýsluskattur á laun sem er nú 5,5% en var 6,75% 2013 og reiknast á launagreiðslur, nam 168 m.kr. (2F2013: 199 m.kr.) og 320 m.kr. á 1H2014 (1H2013: 391 m.kr.).
- Kostnaður vegna FME og umboðsmanns skuldara var 88 m kr. samanborið við 113 m.kr. á 2F2013 og 176 m.kr. á 1H2014 (1H2013: 254 m.kr.)
- Skattar og gjöld greidd til ríkisins og annarra aðila námu samtals 3,3ma. kr. á öðrum ársfjórðungi, samanborið við 3,0 ma. kr. á öðrum fjórðungi 2013, sem er lækkun um 11% á milli ára.

HAGNAÐUR AF AFLAGÐRI STARFSEMI


- *Hagnaður af aflagðri starfsemi* eftir skatta var 515m. kr. á 2F2014 (2F2013: -335 m.) og 4,3 ma.kr. á 1H2014 (1H2013: -404 m.kr.) Hagnaðurinn á 1H14 var einkum vegna sölu á dótturfélögum í óskyldum rekstri.
- Eignir í liðnum fastafjármunir og aflögð starfsemi á efnahagsreikningi eru óbreyttar frá mars 2014 eða 24 ma.kr. en hefur helmingast frá lokum árs 2013 (47 ma.kr.) Þetta er í takt við stefnu bankans um að selja eignir í óskyldum rekstri eftir fjárhagslega endurskipulagningu þeirra.

VAXTAMUNUR




REKSTRARKOSTNAÐUR

% (án afskriftar viðskiptavildar)




KOSTNAÐARHLUTFALL

% (án bankaskatts of einkiptiskostnaðar)



SKATTAR OG GJÖLD	2F14	2F13
Rekstrarreikningur		m.kr.
Tekjuskattur	2.156	2.347
Bankaskattur	623	65
Fjársýsluskattur	168	199
FME og umboðsmaður skuldara	88	113
Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta	260	256
Samtals	3.294	2.980

SKIPTING REKSTRARTEKNA




REKSTRARREIKNINGUR – frh.

- *Hagnaður eftir skatta* var 6,4 ma. kr. á fjórðungnum (2F2013: 6,6 ma.kr.), og 14,7 ma.kr. á fyrri helmingi ársins (1H2013: 11,2 ma.kr.).
- *Arðsemi eigin fjár* var 14,5% á fjórðungnum (2F2013: 17,4%) og 16,9% á árshelmingnum (1H2013: 14,8%) sem er vel yfir langtímamarkmiði bankans um 12% arðsemi eigin fjár. Hækkun arðsemi milli ára er aðallega drifin af lækkun kostnaðar og hagnaði af aflagðri starfsemi.
- *Hagnaður af reglulegri starfsemi* nam 2,9 ma. kr. á fjórðungnum (2F2013: 2,5 ma.kr.) og 7,2 ma.kr. á fyrri hluta ársins (1H13: 5,9 ma.kr.). Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi var 6,6% á fjórðungnum samanborið við 9,2% á sama tíma 2013.

HEILDAREIGNIR

ma. kr.



EFNAHAGSREIKNINGUR


EIGNIR, m.kr.	30.06.2014	31.03.2014	31.12.2013
Handbært fé og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	128.135	136.735	111.779
Afleiðusamningar	1.348	1.328	843
Skuldabréf og skuldagerningar	72.380	76.165	75.186
Hlutabréf og eiginfjárgerningar	12.006	11.795	9.208
Útlán til lánastofnana	45.334	47.895	44.078
Útlán til viðskiptavina	603.697	565.952	554.741
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	1.583	1.556	1.563
Varanlegir rekstrarfjármunir	8.610	8.691	8.772
Óefnislegar eignir	357	292	299
Tekjuskattsinneign	981	1.155	1.275
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	23.996	24.116	47.106
Aðrar eignir	9.104	8.363	11.159
Eignir samtals	907.531	884.043	866.009

EIGNIR

- *Skuldabréf og skuldagerningar* voru 72 ma. kr., sem samanstanda aðallega af ríkisskuldabréfum útgefnum af G5 ríkjum sem eru hluti af lausafjár safni bankans.
- *Hlutabréf og eiginfjárgerningar* voru 12 ma. kr. sem er hækkun frá 11,8 ma. kr. í lok mars 2013. Breytingin er aðallega vegna gangvirðisbreytinga á hlutum bankans í Sjóvá.
- *Lán til viðskiptavina* námu 604,0 ma. kr. (mars 2014: 566 ma. kr.), sem er 7% hækkun á milli fjórðunga.
- Endurskipulagningu stærstu fyrirtækjaútlána lauk á árinu 2013. Endurskipulagningu allrar lánabókarinnar verður lokið fyrir árslok 2014.
- Gæði eignasafns héldu áfram að aukast, en hlutfall lána í endurskipulagningu (LPA) er nú 7,3% samanborið við 8,3% við árslok 2013. Þau minni mál sem enn er ólukið munu hvert um sig hafa lítil áhrif á hlutfallið.
- Hlutfall vanskila umfram 90 daga var 3,5% (mars 2014: 3,8%).
- *Fastafjármunir til sölu* lækkuðu í 24 ma. kr. (mars 2014: 24,1 ma. kr.), sem er 49% lækkun frá áramótum. 884 ma. kr. við lok mars 2014.
- *Heildareignir* voru 908 ma. kr. (mars14: 884 ma. kr.), sem er 3% aukning frá lokum fyrsta ársfjórðungs.


LÁN Í ENDURSKIPULAGNINGU (LPA)

%



ÚTLÁN TIL VIÐSKIPTAVINA

%, eftir geirum 30.06.14




EFNAHAGSREIKNINGUR – frh.

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ, m.kr.	30.06.2014	31.03.2014	31.12.2013
Afleiðusamningar og skortstöður	8.288	8.806	11.176
Innlán Seðlabanka Íslands og lánastofnana	23.287	26.847	29.689
Innlán viðskiptavina	520.128	502.925	489.331
Lántaka	100.249	95.035	89.193
Víkjandi lán	21.278	21.437	21.890
Skattskuldir	13.554	11.672	10.826
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi	3.483	3.447	9.456
Aðrar skuldir	39.542	38.501	37.130
Skuldir samtals	729.809	708.670	698.691
Eigið fé samtals	177.722	175.373	167.318
Heildarskuldir og eigið fé	907.531	884.043	866.009


SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

- *Innlán viðskiptavina* jukust í 520 ma. kr., samanborið við 503 ma. kr. í mars 2014. Hlutfall innlána á móti útlánum var 83,7% (mars 2014: 86,3%) og hlutfall innlána viðskiptavina á móti útlánum til viðskiptavina var 86,2% (mars 2014: 88,9%).
- *Innlán lánastofnana og Sí lækkuðu* í 23,3 ma. kr. úr 26,8ma. kr. í mars 2014. Þessi innlán eru í eðli sínu kvikari en hefðbundin innlán og sveiflast meira á milli tímabila.
- *Lántaka* nam 100 ma. kr. (mars 2014: 95 ma. kr.) sem er 5% hækkun á fjórðungnum. Þar af voru sértryggð skuldabréf 29,4 ma. kr. og skuldabréf 6,8 ma. kr.
- *Víkjandi lántaka* bankans nam 21,3 ma. kr. en um er að ræða Tier 2 bréf að fjárhæð 138 milljónir evra sem er á gjalddaga árið 2019.
- *Heildarskuldir* námu 729,8 ma. kr. (mars 2014: 708,7 ma. kr.).
- *Eigið fé* bankans var 178 ma. kr. (mars 2014: 175,4 ma.kr.), sem er hækkun um 1,3 % á fjórðungnum.
- Eiginfjárlutfall bankans var áfram sterkt og stóð í 29,3% við lok júní (mars 2014: 30,3%), þar af var eiginfjárlutfall A (Tier1) 26,1% (mars 2014: 27%).
- Skuldsetningarhlutfall (leverage ratio) var 18,8% sem er afar hátt í alþjóðlegum samanburði (mars 2014: 19,1%).

INNLÁNAHLUTFALL



EIGINFJÁRLUTFÖLL



FJÁRMÖGNUN OG LAUSAFJÁRSTAÐA

- Lausafjárstaða bankans er sterk og eru lausafjárlutföll bankans vel umfram kröfur eftirlitsaðila og innri viðmið.
- Basel III lausafjárlutfall bankans (LCR) var 122% í lok júní 2014 en samkvæmt nýju lausafjárreglum Seðlabanka skal hlutfallið ekki vera lægra en 70% en krafan hækkar í skrefum upp í 100% árið 2017.
- Fyrstu evruútgáfu bankans að fjárhæð 100 m. evra lauk í maí og fylgir í kjölfar lánshæfismats frá S&P (BB+/B með stöðugum horfum) og vel heppnaðra útgáfa í sænskum krónum í desember og mars.
- Kjörin halda áfram að batna. SEK útgáfan í desember var gefin út með 400 punkta álagi yfir 3ja mánaða Stibor og mars útgáfan með 330 punkta álagi.
- Skuldabréfin voru gefin út undir USD 275m GMTN útgáfuramma bankans og eru skráð í írsku kauphöllinni.
- Íslandsbanki hefur fest sig í sessi sem stærsti útgefandi sértryggðra skuldabréfa á Íslandi og er stefna bankans að gefa út slík bréf fyrir um 10 milljarða króna árlega. Bankinn gefur einnig reglulega út skammtímavíxla.
- Veðsetning er áfram hófstíllt, en veðsettar eignir sem hlutfall af heildareignum voru 10% við lok mars 2014.

FJÁRHAGSDAGATAL

Stefnt er að birtingu árshluta- og ársuppgjors á neðangreindum dagsetningum, þær eru birtar með fyrirvara um breytingar:

- Þögult tímabil 10. – 20. ágúst 2014
- 2F14 – 21. ágúst 2014
- Þögult tímabil 9. – 19. nóvember 2014
- 3F14 – 20. nóvember 2014
- 4F14 – febrúar 2015

Allar upplýsingar um afkomu bankans má finna á www.islandsbanki.is/fjarfestatengsl